



Velferðarnefnd Stranda og Reykhóla, 7. júní 2023

51. fundur í Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps. Haldinn miðvikudaginn 7. júní 2023. Fundurinn hófst kl. 16 og var haldinn sem fjarfundur og staðarfundur. Fundi slitið kl. 16.53.

Á fundinn mættu;

Hlíf Hrólfsdóttir (Strandabyggð), Ingibjörg Sigurðardóttir (Strandabyggð), Hildur Aradóttir (Kaldrananeshreppi), Oddný Snjólaug Þórðardóttir (Árneshreppi) og Hrefna Jónsdóttir (Reykhólahreppi) á TEAMS. Að auki sat fundinn Soffía Guðrún Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Hlíf Hrólfsdóttir formaður nefndarinnar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. **Afgreiðsla félagsmálastjóra frá síðasta fundi.**

Engar afgreiðslur frá síðasta fundi.

2. **Care-On.**

Hjördís er búin að prufa kerfið og ætlunin var að annar starfsmaður Félagsþjónustunnar prufaði það en því miður var það ekki hægt þar sem Care-On appið er ekki komið í iPhone og umræddur starfsmaður notar iPhone. Ákveðið að salta þetta fram á haustið.

3. **Breytingar á Barnaverndarþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.**

Strandabyggð verður í samstarfi með Vestfirðum um þessi málefni og verður aðili að velferðarþjónustu Vestfirðinga, öll önnur sveitarfélög hafa samþykkt samninginn. Samningurinn er í barna- og menntamálaráðuneytinu og ætti að vera tilbúin í júní. Þegar það er komið þá er hægt að gera viðauka um að bæta Strandabyggð við í samninginn. Þetta verður hugsanlega ekki tilbúið fyrr en í ágúst. Á meðan þetta er ekki inni þá er félagsþjónustan ábyrg fyrir því að það komi upp barnaverndarmál, það eru engar bakvaktir eins og er í barnaverndarþjónustunni. Hlíf verður á landinu mestallan júlí. Nefndin samþykkir að félagsmálastjóri og Hlíf skoði lausn á þessu í sameiningu.

4. **Önnur mál**

Heimasíða Strandabyggðar og félagsþjónustunnar

Þyrfti að uppfæra, format úreilt. Þetta verður rætt í sveitarstjórn Strandabyggðar en nær öll önnur sveitarfélög hafa uppfært sínar síður.

Starfsmannamál félagsþjónustunnar

Búið að manna liðveislustörf í sumar, vantar hugsanlega í heimaþjónustu seinna í sumar. Starfsmaður atvinnu með stuðningi býr í Ozon, spurning hvort það sé löglegt, t.d. í sambandi við brunavarnir. Félagsmálastjóri kannar þetta.

Bréf frá Lögreglunni vegna beiðni um samstarf í málum sem varða heimilisofbeldi

Dagsett 13. Mars 2023, sjá meðfylgjandi bréf.

Velferðarnefnd tekur vel í erindi bréfsins, sveitarstjórnir Reykhólahrepps og Kaldrananeshrepps hafa staðfest samstarfið Hlíf kemur erindinu á framfæri við sveitarstjórn Strandabyggðar og Oddný kemur þessu á framfæri við sveitarstjórn Árneshrepps.

Næsti fundur áætlaður í lok september.

Ekki var fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.53.

Hlíf Hrólfsdóttir, sími 690-3516

Ingibjörg Sigurðardóttir
847-4415

Oddný Snjólaug Þórðardóttir, sími 661-3477

Hildur Aradóttir, 848-4641

Hrefna Jónsdóttir 845-5751